



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 19. september 2024
2408073HS SHJ

Efni: Efnistaka við Langöldu, nr. 1000/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 20. ágúst sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar efnistöku við Langöldu í Rangárþingi ytra vegna framkvæmda við vindorkuver við Vaðöldu í sama sveitarfélagi.

Um er að ræða enduropnun á efnistökusvæði sem upphaflega var notað við gerð Sultartangastíflu á árunum 1982-1983. Þá voru teknir um 250.000 – 270.000 m³ af efni úr námunni, en afmörkun hennar er ónákvæm og hún ófrágengin að öðru leyti en að fláar voru teknir niður að efnistöku lokinni. Nú er fyrirhugað að taka allt að 250.000 m³ efnis á um 9,4 ha svæði sem þegar hefur verið raskað að miklu leyti. Mun efnistakan fara fram á árunum 2024-2030 og verður allt efni unnið á staðnum. Ekki er gert ráð fyrir birgðum af olíu né starfsmannaaðstöðu annarri en vinnuskúr innan efnistökusvæðisins. Svæðið sem um ræðir er í gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði SL26, en unnið er að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið verður skilgreint sem efnistöku- og efnislosunarsvæði E124. Við lok framkvæmdar verður þannig gengið frá svæðinu að hægt er að breyta því aftur í skógræktar- og landgræðslusvæði sé vilji fyrir því.

Metin voru áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþættina vistgerðir, jarðmyndanir, fornminjar, ásýnd og landslag, hljóðvist- og rykmengun, útivist og óbyggð víðerni, samgöngur og umferð, verndarsvæði og vatnshlot. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin óveruleg á alla ofangreinda umhverfisþætti utan fornminjar þar sem áhrif framkvæmdarinnar voru talin engin.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum, en ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfisáhrifa á



framkvæmdatíma. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vinnslu jarðefna starfsleyfi, sbr. tölul. 112 í viðauka IV með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrónn

Stella Hrónn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 18. september 2024
Málsnúmer: 202408-0028
IAS

Efni: Efnistaka við Langöldu. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er í erindi frá skipulagsstofnun frá 20. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna fyrirhugaðrar efnistöku við Langöldu.

Landsvirkjun áætlað að enduroppna efnistökusvæði við Langöldu. Svæðið er 9,4 ha og gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku á árunum 2024-2030. Efnið verður m.a. nýtt við gerð vindorkuvers við Vaðöldu. Efnistökusvæðið er staðsett sunnan við Sprengisandsleið og gatnamót við Búðarháls, milli Hrauneyjafosslínu 1 og Sigöldulínu 3. Náman var upphaflega notuð við gerð Sultartangastíflu á árunum 1982-84. Í samningi Landsvirkjunar við íslenska ríkið frá 2021 er heimiluð efnistaka úr námunni fyrir starfsemi fyrirtækisins.

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði (SL26). Unnið er að breytingu á aðalskipulagi Rangárþing ytra 2016-2028 samhliða matskyldufyrirspurn þar sem svæðið verður skilgreint sem efnistöku- og efnislosunarsvæði (E124). Við lok framkvæmdar verður áhersla lögð á að skila svæðinu aftur í fyrra horf svo hægt verður að breyta því aftur í skilgreint skógræktar og landgræðslusvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar. Fyrirhugað efnistökusvæði er innan svæðis sem fellur undir hverfisvernd (HV13) samkvæmt aðalskipulagi en er utan annarra verndarsvæða og þar eru hvorki vistkerfi né jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Núverandi vegslóð að námunni fer hins vegar yfir sandorpið nútímahraun, Búrfellshraun, sem er um 3200 ára gamalt og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Líklegt er að umhverfisáhrif verði aðalega á jarðminjar og ásýnd, og að þau verði mest á framkvæmdatíma.

Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi og umhverfisáhrifum og að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur



Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2401054

Málsheiti: Langalda. Enduropnað efnistökusvæði

Málsaðili: Rangárþing ytra

Skráð af: Haraldur Birgir Haraldsson

Ábyrgðaraðili; Haraldur Birgir Haraldsson

Fundur: Sveitarstjórn Rangárþings ytra - 28 (10.4.2024) - Langalda. Enduropnað efnistökusvæði

Dags: 10.04.2024

Inngangur: Skipulagslýsing er sett fram fyrir breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er gert ráð fyrir enduropnun efnistökusvæðis í Langöldu sem m.a. verður nýtt fyrir framkvæmdir við gerð vindlunda við Vaðöldu ofan Búrfells. Gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku fram til ársins 2030. Í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eru framkvæmdirnar, sem fyrirhuguð skipulagsbreyting mun taka til, tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar. Fyrirspurn um matsskyldu er unnin samhliða skipulagsáætlunum. Lýsing skipulagsáforma var í kynningu til 29. febrúar og bárust umsagnir frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Brunavörnum Rangárvallasýslu og Vegagerðinni sem gerðu engar athugasemdir. Skipulagsstofnun benti á að gera þurfi grein fyrir áhrifum efnistöku á núverandi hverfisvernd. Forsætisráðuneytið og Umhverfisstofnun benda á ýmis efnisleg atriði sem þarfnast skoðunar við gerð tillögunnar.

Niðurst.: Lagt til að niðurstaða skipulags- og umferðarnefndar verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

Fundur: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 23 (4.4.2024) - Langalda. Enduropnað efnistökusvæði

Dags: 04.04.2024

Inngangur: Skipulagslýsing er sett fram fyrir breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er gert ráð fyrir enduropnun efnistökusvæðis í Langöldu sem m.a. verður nýtt fyrir framkvæmdir við gerð vindlunda við Vaðöldu ofan Búrfells. Gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku fram til ársins 2030. Í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eru framkvæmdirnar, sem fyrirhuguð skipulagsbreyting mun taka til, tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar. Fyrirspurn um matsskyldu er unnin samhliða skipulagsáætlunum. Lýsing skipulagsáforma var í kynningu til 29. febrúar og bárust umsagnir frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Brunavörnum Rangárvallasýslu og Vegagerðinni sem gerðu engar athugasemdir. Skipulagsstofnun benti á að gera þurfi grein fyrir áhrifum efnistöku á núverandi hverfisvernd. Forsætisráðuneytið og Umhverfisstofnun benda á ýmis efnisleg atriði sem þarfnast skoðunar við gerð tillögunnar.

Niðurst.: Skipulags- og umferðarnefnd samþykkir tillöguna til auglýsingar og leggur jafnframt til að hún verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem tillagan gæti varðað hagsmunaaðila utan sveitarfélagsins telur nefndin að auglýsing skuli birt í blaði sem dreift er á landsvísu ásamt birtingu á heimasíðu sveitarfélagsins.

Fundur: Sveitarstjórn Rangárbings ytra - 26 (14.2.2024) - Langalda. Enduropnað efnistökusvæði

Dags: 14.02.2024

Inngangur: Skipulagslýsing er sett fram fyrir breytingu á Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er gert ráð fyrir enduropnun efnistökusvæðis í Langöldu sem m.a. verður nýtt fyrir framkvæmdir við gerð vindlunda ofan Búrfells. Gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku fram til ársins 2030. Í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eru framkvæmdirnar, sem fyrirhuguð skipulagsbreyting mun taka til, tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar. Fyrirspurn um matskyldu er unnin samhliða skipulagsáætlunum.

Niðurst.: Lagt til að niðurstaða skipulags- og umferðarnefndar verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

Fundur: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárbings ytra - 21 (1.2.2024) - Langalda. Enduropnað efnistökusvæði

Dags: 01.02.2024

Inngangur: Skipulagslýsing er sett fram fyrir breytingu á Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er gert ráð fyrir enduropnun efnistökusvæðis í Langöldu sem m.a. verður nýtt fyrir framkvæmdir við gerð vindlunda ofan Búrfells. Gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku fram til ársins 2030. Í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eru framkvæmdirnar, sem fyrirhuguð skipulagsbreyting mun taka til, tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar. Fyrirspurn um matskyldu er unnin samhliða skipulagsáætlunum.

Niðurst.: Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi lýsingu og leggur til að hún verði send til umsagnar og kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynning lýsingar skal standa í a.m.k. tvær vikur talið frá birtingu auglýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins og í staðarblaði, eða nánar tiltekið frá 15. - 29. febrúar 2024. Að auki fjallaði nefndin um áherslur varðandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Niðurstaða nefndarinnar er að enduropnun efnistökusvæðis við Langöldu sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 111/2021. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 2. október 2024
MÍ202410-0017/ 6.07 / K.M.

Efni: Efnistaka við Langöldu í Rangárþingi ytra.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið beiðni um umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Landsvirkjun áætlað að enduropna efnistökusvæði við Langöldu. Svæðið er 9,4 ha og gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku á árunum 2024-2030. Efnið verður m.a. nýtt við uppbyggingu vindorkugarðs við Búrfell. Efnistökusvæðið er staðsett sunnan við Sprengisandsleið og gatnamót við Búðarháls, milli Hrauneyjafosslínu 1 og Sigöldulínu 3. Svæðið er vestan til í Langöldu og er austan við Sultartangastíflu. Aðkoma að svæðinu er frá Sprengisandsleið (F26).

Fjallað er um fornleifar í kafla 3.5 í skýrslu framkvæmdaraðilans. Þar segir að engar fornminjar séu innan framkvæmdasvæðisins samkvæmt kortasjá Minjastofnunar Íslands. Vakin er athygli á að Minjavefsja Minjastofnunar er ekki tæmandi yfirlit um fornleifar, hús og mannvirki á Íslandi, sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Í skýrslunni segir jafnframt að engar minjar hafi fundist á svæðinu við úttekt minjavarðar Suðurlands. Bréf minjavarðar Suðurlands til Landsvirkjunar, dags. 02.11.2023, er birt sem viðauki 1 við skýrsluna. Í bréfinu kemur fram að gengið hafi verið út frá því að aðkoma að námunni verði eftir núverandi malarlóð. Í kafla 2.4 í skýrslu framkvæmdaraðilans segir að gamlir námuvegir og slóðir liggja að námunni. Núverandi vegslóð að námunni verði notuð en hana þurfi að laga og slétta lítilliga. Ekki verði farið í aðra vegagerð.


Minjastofnun telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Jakob Gunnarsson (jakob.gunnarsson@skipulag.is)